



Hornafjörður 28.5.2019

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um embættis hagsmunafulltrúa aldraða, mál nr. 825.

Heilbrigðis- og öldrunarnefnd Sveitarfélags Hornafjarðar er jákvæð gagnvart tillögu til þingsályktunar um embætti hagsmunafulltrúa aldraða, 825. mál. Fjöldi eldri borgara fer ört vaxandi og gæsla hagsmuna þeirra nauðsynleg. Líkt og aðrir hópar samfélagsins ætti þessi hópur vissulega að hafa sinn hagsmunafulltrúa. Nefndin hvetur alþingi til þess að taka málið til umsagnar.

Fyrir hönd nefndarinnar og starfsmaður hennar,

Guðrún Dadda Ásmundardóttir
Framkvæmdarstjóri HSU Hornafirði

Víkurbraut 29-31
780 Höfn
Netfang; gudrun@hornafjordur.is
Sími; 470-8616 / 848-8828



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Alþingi
nefndarsvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2019

Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra, 825. mál
Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 17. maí sl. þar sem Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu er gefinn kostur á umsögn um tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra, 825. mál.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu lýsa yfir ánægju sinni með framkomna þingsályktunartillögu og taka undir þau sjónarmið sem þar koma fram um þörf fyrir umboðsmann eða málsvara fyrir eldri borgara í samfélaginu, sem gætir hagsmuna þeirra og leiðbeinir þeim í því flókna kerfi sem er til staðar í málaflokknum. Slík þingmál hafa áður verið lögð fram á Alþingi, í misjafnri útfærslu og af ýmsum þingmönnum og telja samtökin mikilvægt að það hljóti loks brautargengi.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri



Alþingi - nefndasvið

Umsögn öldungaráðs vegna tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraða - 825. mál

Meðfylgjandi er svohljóðandi umsögn öldungaráðs vegna tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraða:

Í öldungaráði Reykjavíkur sitja m.a. fulltrúar félags eldri borgara í Reykjavík, Samtökum aldraða og Korpúlfum. Umfang og umboð ráðsins hefur aukist til muna frá stofnun ráðsins. Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraða. Meðal þeirra mála sem ráðið fjallar um eru þau mál sem talin eru upp í tillögunni. Rétt er að áréttta það að nú þegar er starfandi umboðsmaður borgarbúa sem fer meðal annars með málefni eldri borgara. Í ljósi þess telur öldungaráð að ekki sé þörf á stofnun sérstaks hagsmunafulltrúa í Reykjavík fyrir aldraða, í ráðinu sitja nú þegar fulltrúar allra hagsmunaaðila aldraða í Reykjavík

Virðingarfyllst

Elísabet Pétursdóttir